# AUGLÝSING

**um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar.**

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2017, hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið fjárhæð niðurgreiðslna sem hér segir:

**a) Niðurgreiðsla á raforku til húshitunar:**

| | |
|---|---|
| á veitusvæði HS veitna | 5,28 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í dreifbýli | 7,88 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkubús Vestfjarða í þéttbýli | 5,59 kr./kWst., |
| á veitusvæði Rafveitu Reyðarfjarðar | 4,99 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í dreifbýli | 8,04 kr./kWst., |
| á veitusvæði RARIK í þéttbýli | 5,12 kr./kWst., |
| á veitusvæði Orkuveitu Reykjavíkur | 5,72 kr./kWst., |
| á veitusvæði Norðurorku | 4,86 kr./kWst. |

**b) Niðurgreiðsla á vatni frá kyntum hitaveitum:**

| | |
|---|---|
| RARIK | 3,90 kr./kWst., |
| Orkubú Vestfjarða | 3,68 kr./kWst., |
| HS veitur | 134,40 kr./m³. |

**c) Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar.**
Niðurgreiðsla á olíu til húshitunar tekur mið af meðaltali niðurgreidds raforkuverðs til húshitunar í dreifbýli, nýtni olíuhitunarkerfis og olíuverðs á hverjum ársfjórðungi samkvæmt útreikningum Orkustofnunar.

**d) Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis.**
Niðurgreiðsla á framleiðslu raforku til húshitunar utan almenns dreifikerfis skal vera 2,0 kr./kWst.

Í samræmi við 6. gr. laga nr. 78/2002, um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, og fjárlög fyrir árið 2017 hefur iðnaðar- og viðskiptaráðherra ákveðið að hámarksfjöldi niðurgreiddra kWst./ári til hitunar verði 40.000 kWst. sem svarar til 888 m³/ári hjá kyntum hitaveitum og 4.480 lítrar af olíu á ári hjá þeim sem hita með olíu.

Fjárhæðir niðurgreiðslna til húshitunar samkvæmt auglýsingu þessari taka gildi frá og með 1. janúar 2017.

*Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. janúar 2017.*

**Ragnheiður Elín Árnadóttir**
iðnaðar- og viðskiptaráðherra.

*Ingvi Már Pálsson.*